

Jón Atli Benediktsson er fæddur í Reykjavík 19. maí 1960. Foreldrar hans eru Benedikt H. Alfonsson, fyrrverandi kennari í Stýrimannaskólanum í Reykjavík, og Katrín Jónsdóttir, húsmóðir og fyrrverandi skrifstofumaður. Jón Atli er næstelstur í hópi sex systkina. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1980 og prófi í rafmagnsverkfræði frá Háskóla Íslands 1984. Árið 1985 hóf hann nám við Purdue University í Indiana, Bandaríkjunum, og lauk Ph.D. prófi þaðan í rafmagnsverkfræði 1990.

Í júní 1991 hóf hann störf sem lektor í rafmagns- og töluverkfræði við Háskóla Íslands. Þar hefur hann kennt margvísleg námskeið og leiðbeint fjölda nemenda auk þess að stunda rannsóknir á sviði fjarkönnunar, merkjafræði og lífverkfræði. Árið 1994 fékk Jón Atli framgang í starf dósents og framgang í starf prófessors árið 1996.

Árið 1985 kvæntist Jón Atli Stefaníu Óskarsdóttur, stjórnmálafræðingi og dósenti við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Þau eiga tvo syni, Benedikt Atla (1991), sem er nemi í rafmagns- og tölvuverkfræði við Háskóla Íslands, og Friðrik (2003) sem er nemi í Melaskóla.

Jón Atli er mikill plötusafnari og sérstakur áhugamaður um pönktónlist og rokk. Þá er Jón Atli mikill áhugamaður um íþróttir, bæði fótbolta (styður Fram og Man. City), hafnabolta og amerískan fótbolta.

Jón Atli er einn afkastamesti vísindamaður háskólans. Hann er höfundur meira en 300 fræðigreina og bókarkafla. Rannsóknir hans hafa vakið athygli sem sést m.a. af því að mikið er vitnað til verka hans og hann er eftirsóttur fyrirlesari á alþjóðavettvangi. Þá hefur Jón Atli fengið margvíslegar viðurkenningar fyrir rannsóknir sínar. Hann hefur verið kosinn heiðursfélagi (Fellow) hjá tveimur alþjóðlegum fagfélögum: IEEE (2004) og SPIE (2013). Af öðrum viðurkenningum Jóns Atla má t.d. nefna Steven Kristof Award (1990), Hvatningarverðlaun Rannsóknaráðs Íslands (1997), IEEE Millennium Medal (2000) auk margra viðurkenninga fyrir fræðigreinar, þar á meðal fyrir áhrifamestu greinina í fræðiritum IEEE Geoscience and Remote Sensing Society (2013). Jafnframt var Jón Atli valinn rafmagnsverkfræðingur ársins á Íslandi (2013). Rannsóknanemar Jóns Atla hafa hlotið fjölda viðurkenninga innanlands og utan.

Jón Atli hefur verið virkur í nýsköpun og stofnaði m.a. með Einari Stefánssyni, prófessor í augnlækningum o.fl., sprotafyrirtækið Oxymap sem þróað hefur tæki og hugbúnað til greiningar augnsjúkdóma með stafrænni myndgreiningu. Jón Atli er höfundur þriggja einkaleyfa.

Frá árinu 2007 hafa sjö nemendur lokið doktorsnámi undir handleiðslu Jóns Atla og hann hefur margoft verið andmælandi við doktorsvarnir í Evrópu, Ástralíu, Bandaríkjunum og Asíu. Jón Atli hefur verið gestaprófessor við háskóla á Ítalíu, Englandi og Kína auk þess að vera gistivísindamaður við Joint Research Centre, Ispra, Ítalíu (1998). Jón Atli hefur kennt framhaldsnámskeið við Háskólann í Trento á Ítalíu (árlega, 2001-2013), Háskólann í Genúa á Ítalíu (2003) og Jilin-háskóla í Kína (2007).

Innan hins alþjóðlega fræðasamfélags hafa Jóni Atla verið falin fjölmörg trúnaðarstörf. Nefna má að hann var á árunum 2003-2008 ritstjóri ISI-fræðitímaritsins „IEEE Transactions on Geoscience and Remote Sensing“, en það er eitt helsta alþjóðlega fræðitímaritið á sviði fjarkönnunar. Hann hefur setið í ritstjórnnum margra alþjóðlegra fræðiritana. Nú situr hann m.a. í ritstjórn fræðitímaritsins Proceedings of the IEEE sem er höfuðtímarit alþjóðlega fagfélagsins IEEE. Jón Atli var forseti IEEE Geoscience and Remote Sensing Society á árunum 2011 og 2012 og hefur setið í stjórn félagsins frá 2000.

Á vettvangi Háskóla Íslands hefur Jón Atli mjög víðtæka stjórnunarreynslu. Frá 2009 hefur hann verið aðstoðarrektur vísinda og kennslu. Hann var þróunarstjóri og aðstoðarmaður rektors á árunum 2006-2008. Þá var Jón Atli formaður vísindanefndar háskólaráðs á árunum 1999-2005 og formaður gæðanefndar háskólaráðs 2006-2015. Jón Atli hefur verið forstöðumaður Miðstöðvar framhaldsnáms frá 2009. Hann var einnig skorarformaður í rafmagns- og tölvuverkfræði um þriggja ára skeið.

Jón Atli situr í Vísinda- og tækniráði og sat einnig í ráðinu á upphafsárum þess (2003-2006). Hann var formaður stjórnar Rannsóknánámssjóðs 2007-2009 og stjórnarformaður orkufyrirtækisins Metans á árunum 1999-2004.